

# Aðalskipulag Grindavíkur 2018 – 2032

## Íbúðarsvæði ÍB3 Hraun og Vör – Breyting. Vinnslutillaga

### Greinargerð breytingar

Með þessari breytingu er gert ráð fyrir að á íbúðarsvæði ÍB3 verði bætt inn heimild til að byggja par- og raðhús við Laut, alls 7 íbúðir, til viðbótar við þegar tilgreinda þéttingarreiti innan íbúðarsvæðisins, sbr. *töflu 1 - Íbúðarsvæði í Grindavík* í kafla 2.1.1 *Íbúðarbyggð (ÍB)* í Aðalskipulagi Grindavíkur 2018 – 2032

### Tafla 1. Íbúðarsvæði í Grindavík, fyrir breytingu

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
ÍB3	Hraun og Vör	30	Fullbyggt hverfi. Heimilt er að þétta byggð með því að byggja raðhús, einbýli eða parhús á fjórum lóðum sem staðsettar eru við gatnamót Baðsvalla og Efstahrauns og fjölbýlishús milli Staðarhrauns 24 og 13. Horfa skal til byggðamynsturs á aðliggjandi svæðum.

### Tafla 1 eftir breytingu

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	SKILMÁLAR
ÍB3	Hraun og Vör	30	Fullbyggt hverfi. Heimilt er að þétta byggð með því að byggja raðhús, einbýli eða parhús á fjórum lóðum sem staðsettar eru við gatnamót Baðsvalla og Efstahrauns og fjölbýlishús milli Staðarhrauns 24 og 13. Einnig er gert ráð fyrir 7 nýjum íbúðum við Laut í par- og raðhúsum. Horfa skal til byggðamynsturs á aðliggjandi svæðum.

Engin breyting verður á afmörkun íbúðarsvæðis ÍB3 á aðalskipulagsupprætti.

Í drögum að deiliskipulagi frá árinu 2021, sem aldrei hlaut lögformlegt gildi, var svæðið ætlað undir íbúðarlóðir. Á svæðinu stóð áður leikskóli sem nú er horfin. Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Laut er kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

**Umhverfisáhrif:** Breytingin felur minniháttar fjölgun íbúða innan íbúðarsvæðis ÍB3 í par- og raðhúsum sem óveruleg áhrif á byggðamynstur og heildarþéttleika íbúðarsvæðisins. Breytingarsvæðið er 0,5 ha raskað, malarborið land. Áhrif á aðliggjandi byggð s.s. vegna útsýnis, skuggavarps og umferðar eru metin óveruleg, sbr. tillögu deiliskipulags sem auglýst er samhliða tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ til \_\_\_\_\_ 20\_\_

og var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar þann

\_\_\_\_\_  
Bæjarstjórinn í Grindavík

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun

skv. 32. gr. skipulagslaga þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

Auglýsing um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_



GRINDAVÍKURBÆR

VSÓ RÁÐGJÖF

Aðalskipulag Grindavíkur 2018 – 2032

Aðalskipulagsbreyting: ÍB3 Hraun og Vör

Verk:	Blaðstærð:	Unnið:	Rýnt:
22172	A4	HTT	AK

Dags:	Dags breytt:
18.11.2022	